

HAGABORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Apríl 2016

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

HAGABORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI.....	1
Inngangur	3
Leikskólinn Hagaborg	3
Greining	4
Viðmiðaramminn	6

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Hagaborg sem fram fór í apríl 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og í öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs; að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í apríl 2016 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 11. – 15. apríl. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN HAGABORG

Leikskólinn Hagaborg tók til starfa árið 1960 og er staðsettur við Fornhaga 8, 107 Reykjavík.

Í leikskólanum eru fimm deildir og 100 börn voru í leikskólanum í apríl 2016. Yngstu börnin eru á Álfalandi, næst yngstu á Krílalandi og Putalandi. Elstu börnin eru á Fiskalandi og Fuglalandi.

Leikskólastjóri er Ólafur Bjarkason og aðstoðarleikskólastjóri er Ásta Kristín Svavarsdóttir.

Styrkleikar:

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu. Leikskólastjóri er sýnilegur í daglegu starfi. Stjórnendateymi samhæfir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna varðandi sérfræðiþjónustu. Starfsþróunarsamtöl eru tekin árlega.

Nauðsynlegum upplýsingum er miðlað um leikskólastarfið.

Áætlun um upphaf leikskólagöngu er til og unnið er samkvæmt henni. Framkvæmdaáætlun um jafnrétti byggð á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar liggur fyrir.

Unnið er markvisst með verkefnið *Leikur að læra*.

Teymi er myndað um börn með frávík og stöðufundir eru haldnir reglulega. Einstaklingsnámskrár eru gerðar og eru þær endurskoðaðar reglulega. Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum. Samstarf og samvinna er við sérfræðinga og sérfræðiþjónustu utan leikskólans. Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð Vesturgarðs.

Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnilegt. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og telur hæfni sína og þekkingu vel nýtt. Starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf og telur vinnuaðstöðu góða. Gagnkvæm virðing og traust ríkir á meðal starfsmanna. Kurteisi, virðing og umhyggja einkennir samskipti starfsfólks.

Börnin eru ánægð með mörg viðfangsefni í leikskólanum eins og lpad, salinn, listakrók, útiveru og að blanda saman kapla- og einingakubbum. Börnin sýna hvert öðru samkennd og virðingu.

Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl og er tálkaþjónusta notuð þegar við á. Upplýsingum er miðlað til foreldra með vikulegum tölvupóstum. Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum eru á heimasíðu leikskólans.

Foreldrar eru í heildina ánægðir með leikskólann og telja að honum sé vel stjórnað. Þeir telja sig fá góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum. Foreldrar telja að börnunum líði vel í leikskólanum og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks.

Tækifæri til umbóta:

Einkunnarorð leikskólans verði sýnileg á deildum og í starfi deilda. Stefna leikskólans verði skýrt framsett og sýnileg á heimasíðu leikskólans. Leikskólastjóri sjái til þess að mótun stefnu leikskólans verði samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra.

Sjá til þess að áherslur í aðalnámskrá leikskóla og Reykjavíkurborgar endurspeglar í stefnu leikskólans. Að stjórnendateymi skipti með sér verkum og deili ábyrgð á verkefnum.

Stjórnendateymi þarf að fara eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna. Stjórnendur eiga að afla upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu nýrra starfsmanna og allir starfsmenn eiga að undirrita

skjal um trúnað og þagnarskyldu. Stjórnendateymi sjái til þess að deildarstjórar fái samningsbundinn undirbúningstíma.

Gera þarf símenntunaráætlun sem byggir á áherslum leikskólans í starfsáætlun. Gera þarf framkvæmdaáætlun byggða á læsisstefnu *Lesið í leik* og vinna eftir henni.

Endurmeta þarf rými með tilliti til möguleika barna til gólfleikja og notalegra svæða fámennari hópa. Endurnýja leikefnið og sjá til þess að leikefni sé aðlaðandi, aðgengilegt og áhugahvetjandi fyrir börnin. Að starfsfólk skoði leikefni með tilliti til fjölbreytileika barna og hugmyndafræði leikskólans.

Sjá til þess að skipulögð viðfangsefni og leikur taki mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Starfsfólk grípi tækifæri sem gefast til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra. Starfsfólk myndi tengsl við börnin í gegnum leik.

Sjá til þess að börnin fái verkefni sem hvetja til rannsókna og ígrundunar þannig að sköpunarkraftur þeirra og ímyndunarafl fái notið sín. Auka þarf þátttöku barna í daglegu starfi leikskólans og í skipulögðum stundum. Markvisst sé leitað eftir hugmyndum barna og stutt við þær. Nýta þarf ánægju, áhuga og líðan yngri barna sem vísbendingu í innra mati.

Skipuleggja þarf minni hópa í samveru- og sögustundum til að gæta jafnræðis. Að leikskólinn taki þátt í samfélagsverkefnum í samstarfi við börnin. Leikskólinn samræmi hvernig vinna á með heimamenningu allra barna. Foreldrar verði markvisst þátttakendur í gerð og endurmati á einstaklingsnámskrá barnanna.

Auka lýðræðislega þátttöku barna í daglegu starfi og gera grein fyrir því í skólanámskrá. Setja fram áætlun um mat á námi og velferð barna þar sem reglulegar skráningar eru gerðar á framförum þeirra. Börn fái tækifæri til að meta nám sitt, komi með tillögur að leiðum í eigin námi og setji sér markmið.

Auka skipulega skráningar á námi barna með það að markmiði að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim.

Leikskólakennarar/deildarstjórar veiti faglega forystu og starfsfólk leggi meiri metnað í faglegt starf.

Deildarfundir verði haldnir reglulega þar sem viðfangsefni þeirra er börn, nám þeirra og staða. Deildarfundur verði vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar. Efla enn frekar trú starfsfólks á getu og hæfni allra barna.

Börn verði þátttakendur í að búa til reglur. Börn fái ígrundað hrós frá starfsfólki.

Fulltrúar foreldraráðs verði valdir lýðræðislega af sínum hópi. Foreldraráð fundi reglulega, boði til funda og geri starfsáætlun og vinnureglur. Fundir foreldraráðs verði boðaðir með dagskrá og fundargerðir verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Í skólanámskrá verði fjallað um hvernig markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið. Skilgreina þarf viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

Í greinargerð um innra mat verði fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Sjá til þess að mat á starfsháttum fari fram reglulega og gera það sýnilegt í gögnum leikskólans. Sjá til þess að foreldraráð og starfsfólk taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. Stjórnendur sjái til þess að fjölbreyttari aðferðir verði notaðar við öflun gagna.

Í starfsáætlun komi fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður innra mats.

Umbótaáætlun verði gerð í starfsáætlun í samræmi við greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.

